



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 12. desember 2016  
USK2016120011

Borgarráð

### ***Kirkjugarður Úlfarsfelli.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna fyrirhugaðs kirkjugarðs í Úlfarsfelli. Um er að ræða gerð aðkomuvegar að kirkjugarðinum auk aðstöðusköpunar.

Áætlað er að hefja framkvæmdir í janúar 2017 þ.a. hægt sé að hefja móttöku á jarðefnum til mótunar lands í apríl. Heildarkostnaður vegna aðkomuvegar og aðstöðusköpunar er 90 mkr. Þar af er gert ráð fyrir 65 mkr. á árinu 2017.

Greinargerð:

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur verður framtíðarkirkjugarður staðsettur í Úlfarsfelli. Er þar gert ráð fyrir 22 ha kirkjugarði. Til mótunar landsins þarf u.þ.b. 600 þúsund rúmmetra af jarðefnum. Gert er ráð fyrir að jarðvegsframkvæmdum vegna undirbúnings að gerð kirkjugarðsins verði að mestu lokið árið 2020. Frágangur, stíga- og gatnagerð o.fl. er á vegum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis. Gert er ráð fyrir að garðurinn verði tilbúinn til notkunar árið 2023.

Kostnaðarstaður: 4101

Kostnaðaráætlun 2: 90 mkr. Þar af 65 mkr á árinu 2017.

Áfallinn kostnaður: 5 mkr

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Kynning